

Aðgerðaáætlun

Barnaverndarúrræði og önnur þjónusta
sem snýr að starfsemi fyrir börn

KYNNING Í BORGARRÁÐI OG VELFERÐARRÁÐI
REGÍNA ÁSVALDSDÓTTIR
15. MARS 2018

VEL2018020008



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Af hverju aðgerðaáætlun?

- Börn eiga alltaf að njóta vafans.
- Úttekt Innri endurskoðunar er tekin mjög alvarlega.
- Nauðsynlegt að taka umbótaskref af ákveðni og festu.
- Unnið gegn þöggun/afneitun með auknu gegnsæi og skjótum breytingum.
- Reykjavíkurborg verði í fararbroddi í umbótum á barnaverndarstarfi samhliða heildstæðri endurskoðun málaflokksins á Íslandi.
- Aðgerðaáætlunin er fyrsta skrefið í þeirri umbótavinnu sem er framundan.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Viðbrögð vegna máls í Hraunbergi

- Viðbragðsteymi undir stjórn sviðsstjóra sett á laggirnar í lok janúar.
- Kortlagning á atvinnusögu og leit að þeim einstaklingum sem höfðu dvalið á heimilum sem maðurinn starfaði á.
- Bréf send á 221 fullorðna einstaklinga (eldri en 18 ára) og á 36 unglinga. Boðið upp á viðtöl og ráðgjöf.
- Samstarf við Bjarkarhlíð vegna viðtala.
- Farið yfir lögfræðileg atriði, s.s. persónuvernd, starfsmannalög o.fl.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Aðgerðaáætlun

- Um er að ræða 10 tillögur sem settar eru fram í aðgerðaáætlun.
- Brugðist er við ábendingum Innri endurskoðunar sem eru á forræði velferðarsviðs ásamt því að settar eru fram tillögur í samræmi við frekari rýni sviðsins.
- Heildarkostnaður vegna tillagnanna er 51,5 mkr. á ársgrundvelli. Þær munu því kosta 39,3 mkr. árið 2018 miðað við að vinna við þær hefjist strax.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Aðgerðaáætlun - tillögur

1. Ráðningarferli styrkt
2. Rafrænn ábendingahnappur
3. Aukið öryggi barna með eflingu næturvakta
4. Sérhæfð fræðsla til stjórnenda
5. Skimun fyrir kynferðisofbeldi
6. Efling mannauðspjónustu velferðarsviðs
7. Úttekt á skipulagi barnaverndarstarfs
8. Kröfulýsingar fyrir úrræði Barnaverndar
9. Áhættugreining með ráðgjöf frá Innri endurskoðun
10. Ráðning á sérstökum verkefnastjóra til að innleiða aðgerðaáætlun



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

1. Ráðningarferli styrkt

Ráðningarferli styrkt með öflun sakavottorða bæði við upphaf ráðningar og reglulega á meðan á ráðningartíma stendur.

- Til stendur að afla vottorða úr sakaskrá við ráðningar í öll störf á velferðarsviði.
- Einnig er talið nauðsynlegt að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti um starfsmenn sem starfa með fötluðum einstaklingum, börnum og í umhverfi barna, meðan á ráðningartíma stendur.

Kostnaðarmat: Reikna má með auknu álagi á mannauðspjónustu velferðarsviðs vegna þessarar tillögu og vísast í því sambandi til kostnaðarmats undir aðgerð nr. 6.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

2. Rafrænn ábendingahnappur

Velferðarsvið hefur þegar hafið undirbúning við uppsetningu rafræns ábendingarhnapps á vefnum reykjavik.is

Það mun gera almennum borgurum kleift að tilkynna rafrænt um misfellur í aðbúnaði barna eða tilkynna um að hegðun einstaklings, sem starfar með börnum, geti verið ábótavant.

Kostnaðarmat: Reikna má með aukningu í tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur samhliða uppsetningu hnappsins. Til að tryggja viðbrögð við tilkynningum er óskað eftir 50% stöðugildi félagsráðgjafa. Kostnaðarauki vegna þess er metinn um 5,5 mkr. á ársgrundvelli eða um 4,2 mkr. á árinu 2018.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

3. Aukið öryggi barna með eflingu næturvakta

Aukið öryggi barna sem dvelja í sólarhringsúrræðum Barnaverndar Reykjavíkur með eflingu næturvakta.

Lagt er til að næturvaktir í sólarhringsúrræðum Barnaverndar Reykjavíkur, það er á vistheimili barna á Mánabergi og skammtímaheimilinu Hraunbergi, verði mannaðar tveimur starfsmönnum í stað eins.

Kostnaðarmat: Áætlaður kostnaður vegna Mánabergs er um 10,5 mkr. á ársgrundvelli eða um 7,9 mkr. á árinu 2018. Kostnaður á Hraunbergi áætlaður um 13,5 mkr. á ársgrundvelli eða um 10,2 mkr. á árinu 2018.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

4. Sérhæfð fræðsla til stjórnenda

Velferðarsvið mun tryggja að í fræðsluáætlun sviðsins verði sett reglubundin fræðsla til stjórnenda og starfsmanna um kynferðisbrot gagnvart börnum ásamt rannsóknum og viðbrögðum.

Kostnaðarmat: Kostnaður fellur að mestu undir fjármagn fyrir fræðsluáætlun en til viðbótar er gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu erlendra sérfræðinga.

Áætlaður kostnaður vegna sérhæfðar fræðslu er því áætlaður um 1 mkr.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

5. Skimun fyrir ofbeldi

Verkferlum og kröfulýsingum verði breytt þannig að skimun fyrir ofbeldi verður hluti af verklagi í vinnu með börnum og unglingum.

Hafin er vinna við sérstakan viðtalsvísi fyrir starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur og aðra sem vinna með börnum.

Þannig er með samræmdum hætti hægt að skima fyrir ofbeldi meðal barna sem eru vistuð í skjóli barnaverndar eða njóta annarra úrræða á vegum sviðsins.

Kostnaðarmat: Kostnaður vegna útgáfu viðtalsvísis og fræðslu og þjálfunar starfsmanna er áætlaður 1 mkr.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

6. Efling mannauðsþjónustu velferðarsviðs

Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur verði aukinn með eflingu mannauðsþjónustu velferðarsviðs.

Til að takast á við áskoranir og aukið álag samfara breytingu á verklagsreglum, meðal annars vegna öflunar sakavottorða er nauðsynlegt að bæta tveimur stöðugildum við mannauðsþjónustuna. Ennfremur þarf að huga að erlendum starfsmönnum í ríkari mæli en hefur verið gert en erlendar konur hafa sérstaklega verið í áhættuhópi varðandi ofbeldi og áreitni.

Kostnaðarmat: Áætlaður kostnaður vegna tveggja stöðugilda er um 20 mkr. á ársgrundvelli sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðssins. Óskað er eftir tímabundinni styrkingu til tveggja ára. Því er nú óskað eftir 15 mkr. á árinu 2018.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

7. Úttekt á skipulagi barnaverndarstarfs

Búið er að undirrita samning við Capacent og RR ráðgjöf um úttekt á barnaverndarstarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Tilgangur úttektarinnar er að fá faglegt og hlutlaust mat á skipulagi barnaverndarstarfs í Reykjavík, barnaverndarúrræða, starfsumhverfi og verkaskiptingu.

Nýta á úttektina til að skilgreina vinnuferla hjá Barnavernd Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva á grundvelli laga, reglugerða og verkferla. Festa í sessi vinnulag sem tryggir skilvirkni og árangur.

Gert er ráð fyrir að lokið verði við gerð úttektar fyrir 15. september 2018.

Kostnaðarmat: Gert er ráð fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun 2018.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

8. Kröfulýsingar fyrir úrræði Barnaverndar

Kröfulýsingar fyrir sólarhringsúrræði barnaverndar verða settar í forgang.

Með kröfulýsingum er lagður rammi um starfsemina. Þær stuðla að samræmingu þjónustu, setja gæðaviðmið, skilgreina umboð, veita yfirsýn, tryggja öryggi og auka skilvirkni.

Eftirtalin úrræði verða sett í forgang:

- Skammtímaheimilið í Hraunbergi
- Fjölskylduheimilið á Ásvallagötu
- Vistheimili barna Mánaberg

Kostnaðarmat: Gert er ráð fyrir kostnaði vegna kröfulýsinga í fjárhagsáætlun 2018.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

9. Áhættugreining

Áhættugreining varðandi sólarhringsstofnanir fyrir börn og unglinga þar sem eftirfarandi þættir verða skoðaðir:

- Vaktir
- Starfsmannahald
- Húsnæði
- Öryggismenning
- Boðleiðir

Innri endurskoðun mun veita ráðgjöf um framkvæmd áhættugreiningar.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

10. Ráðning á sérstökum verkefnastjóra til að innleiða aðgerðaáætlun

Verkefnastjóri verði ráðinn tímabundið til þess að innleiða aðgerðaáætlun og tryggja framgang hennar og eftirfylgni innan velferðarsviðs og Barnaverndar Reykjavíkur.

Að mati velferðarsviðs er mikilvægt að fá utanaðkomandi aðila til að hrinda aðgerðaáætluninni í framkvæmd og leggja mat á árangur.

Kostnaðarmat: Fjárheimildir liggja fyrir á skrifstofu velferðarsviðs.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið